Nr. 30.
11.
júlí

# Lög

um

breytingar nokkrar á tilskipun 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi o. fl.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

**Gjörum kunnugt:** Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Norður-Múlasýsla og Suður-Múlasýsla ásamt Norður-Þingeyjarsýslu, ef sýslunefndin þar óskar þess, skulu vera amt út af fyrir sig, og nefnast Austuramt með sjerstöku amtsráði. Einn skal vera amtmaður í Norður- og Austurömtunum.

2. gr.

Í hverju hinna fjögra amtsráða á landi hjer, skal, auk amtmanns sem forseta, vera 1 fulltrúi úr hverju sýslufjelagi í amtinu, nema Vestmannaeyjum, og jafnmargir varafulltrúar. Fulltrúa þessa skal sýslunefndin kjósa; skal hver fulltrúi og varafulltrúi kosinn til 6 ára. Kosningin fer þannig fram, að hver sýslunefndarmaður, sem á fundi er, kýs fyrst aðalfulltrúa í amtsráðið, og að þeirri kosningu aflokinni 1 varafulltrúa í sama. Ef tveir eða fleiri hafa fengið jafnmörg atkvæði við kosninguna, ræður hlutkesti. Þegar hin 3 fyrstu ár eru liðin, gengur úr amtsráði eptir hlutkesti helmingur hinna kosnu fulltrúa, eða ef tala þeirra stendur á stöku, þá meiri hlutinn ásamt hlutaðeigandi varafulltrúum, og skal þá kjósa aðra í staðinn. Að 3 árum liðnum ganga úr hinir, sem eptir eru, o. s. frv. annar hluti amtsráðsins þriðja hvert ár.

Um endurkosningar og undanfærslu undan því, að taka við kosningu, og um mótmæli gegn lögmæti kosninga gilda fyrirmælin í 47. gr. tilsk. 4. maí 1872.

Að aflokinni kosningu sendir hver sýslumaður amtmanni endurrit af kosningargjörðinni með næstu póstferð, er fellur þar á eptir.

# Lov

Nr. 30.
11te
Juli.

indeholdende

## nogle Forandringer i Forordning af 4de Maj 1872 om de islandske Landkommuners Styrelse m. m.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Nordur-Mula Syssel og Sønder-Mula Syssel skulle tilligemed Norder-Things Syssel, saafremt dettes Sysselforstanderskab ønsker det, udgjøre et selvstændigt Amt, Østamtet, med et særskilt Amtsraad. Nordamtet og Østamtet skulle bestyres af een Amtmand

§ 2.

I hvert af de fire Amtsraad her i Landet skal, foruden vedkommende Amtmand som Formand, have Sæde et valgt Medlem fra hver af Amtets Sysselkommuner, med Undtagelse af Vestmannøerne, og lige saa mange Suppleanter, der alle vælges af Sysselforstanderskaberne paa 6 Aar. Valget foregaar paa den Maade, at ethvert Medlem af Sysselforstanderskabet, som er tilstede paa dettes Møde, først vælger en Repræsentant til Amtsraadet og naar Valget af denne er tilende, en Suppleant til samme. Naar to eller flere have erholdt lige mange Stemmer, sker Afgjørelsen ved Lodkastning. Efter Forløbet af de første 3 Aar udtræder efter Lodkastning Halvdelen af de valgte Repræsentanter, eller, ifald deres Antal ere ulige, Flertallet af disse tilligemed vedkommende Suppleanter, hvorpaa der vælges nye i deres Sted. Efter 3 Aars Forløb udgaa de Tiloversblevne og saa fremdeles Halvdelen af Amtsraadet hvert 3dje Aar.

Med Hensyn til Gjenvalg og Undskyldningsgrunde for Modtagelse af Valg samt Indsigelser mod Gyldigheden af de foretagne Valg gjælde Bestemmelserne i § 47 i Forordning af 4de Maj 1872.

Efter Valgets Slutning tilstiller hver Sysselmand med første Postlejlighed Amtmanden en Gjenpart af Valghandlingen.

Nr. 30. 11. júlí.

3. gr.

Til þess að fullnaðarályktun verði gjörð á amtsráðsfundi, útheimtist, að $^2/_3$ amtsráðsmanna eður fulltrúa auk forseta, sjeu á fundi.

4. gr.

Þeir, sem í amtsráði eru, skulu hafa í fæðispeninga 3 kr. um hvern dag, sem þeir vegna amtsráðsfundar verða að vera frá heimili sínu, og að auki ferðakostnað eptir reikningi, sem amtmaður ávísar, þegar búið er að rannsaka hann.

5. gr.

Landshöfðingi gjörir nákvæmari ráðstafanir til þess, að lög þessi komist til framkvæmda svo fljótt sem verða má; hann gjörir einnig með ráði amtmannsins norðan og austan allar þær ráðstafanir, sem lúta að því, að skipta sjóðum, eignum og skyldum milli Norðuramtsins og Austuramtsins.

6. gr.

Þær lagaákvarðanir, sem koma í bága við lög þessi, skulu úr lögum numdar.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalíuborg, 11. júlí 1890.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*J. Nellemann.*

§ 3. Nr. 30.

Til et Amtsraadsmødes Beslutningsdygtighed udkræves, at de to Tredjedele af dettes Medlemmer foruden Formanden ere tilstede. 11te Juli.

§ 4.

Medlemmerne af Amtsraadet erholde i Dagpenge 3 Kroner for hver Dag, de paa Grund af Raadets Møde maa være fraværende fra deres Hjem, samt Rejsegodtgjørelse efter Regning, som efter at være revideret anvises af Amtmanden.

§ 5.

Landshøvdingen træffer de nærmere Foranstaltninger til den hurtigst mulige Iværksættelse af nærværende Lov samt, efter Samraad med Amtmanden over Nord- og Østamtet, til Fordelingen mellem Nordamtet og Østamtet af Fonds, Ejendomme og Forpligtelser.

§ 6.

De imod nærværende Lov stridende Lovbestemmelser ophæves.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 11te Juli 1890.**

Under Vor kongelige Haand og Segl.

***Christian R.***
**(L. S.)**

*J. Nellemann.*